



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands
2013-2014

Skýrsla fjarnámsstjóra

Efnifyfirlit

Inngangur	3
Haustönn 2013	3
Vorönn 2014	4
Sumarönn 2014	5
Fjöldi fjarnemenda eftir önnum	6
Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda VÍ eftir önnum.	6
Fjöldi umsækjenda eftir önnum	6
Tafla 1. Fjöldi umsækjenda, nemenda og hlutfall milli nemenda og umsækjenda....	7
Mynd 2. Fjöldi umsækjenda eftir önnum.....	7
Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum	7
Mynd 3. Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum.....	8
Mæting fjarnemenda í próf eftir önnum.....	8
Mynd 4. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum.....	9
Ársmemendur fjarnáms.....	9
Mynd 5. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir önnum.....	10
Mynd 6. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir árum.	10
Fjarnámshjöld	11
Fjarnámspróf.....	11
Einkunnir fyrir fjarnámspróf.....	11
Mynd 7. Einkunnadreifing fjarnemenda í % á h13, v14, s14.	11
Mynd 8. Einkunnadreifing fjarnemenda í % á sex önnum 2006 og 2007.	12
Einkunnir einstakra nemenda hópa.....	13
Nemendur sem ekki eru skráðir í skóla.....	13
Mynd 9. Einkunnadreifing fjarnemenda sem ekki eru skráðir í skóla (%) á h13, v14, s14.	13
Nemendur skráðir í aðra framhaldsskóla en Versló.....	13
Mynd 10. Einkunnadreifing fjarnemenda annarra framhaldsskóla en VÍ (%) á h13, v14, s14.	14
Nemendur Verzlunarskóla Íslands.....	14
Mynd 1. Einkunnadreifing fjarnemenda VÍ (%) á h13, v14, s14.	14
Nemendur grunnskóla.....	14
Mynd 12. Einkunnadreifing grunnskólanemenda í fjarnámi (%) á h13, v14, s14...	15
Samantekt einkunna	15
Tafla 2. Samanburður á einkunum fjögurra hópa í fjarnámi á h13, v14 og s14.	15
Lokaorð.....	15
Viðauki.....	17
Tafla 2. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2014.....	17

Inngangur

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur verið rekið í núverandi mynd síðan haustið 2005. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfseminni skólaárið 2013-2014. Sérstaklega verður fjallað um einkunnadreifingu á þessu starfsári og hún borin saman við tölur frá árunum 2006 og 2007.

Haustönn 2013

Á haustönn 2013 voru 122 áfangar kenndir, en fleiri áfangar voru í boði. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

Tveir *hulduáfangar* voru kenndir fyrir nemendur sem af ýmsum ástæðum þurftu nauðsynlega að taka þá áfanga. Áfangar á haustönn 2013 voru því alls 124.

Fjarkennarar voru 53 þessa önnina, allir þrautreyndir fagmenn.

Á haustönn 2013 voru 545 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á haustönn 2013 er 49 færri en á haustönn 2012 og fækkaði nemendum því um rúm 8% á milli þessara ára.
- Af 545 nemendum haustannar 2013 voru 77 (14,1%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 468 (85,9%) komu annars staðar frá. Á haustönn 2012 var fjöldi dagskólanemenda í fjarnámi 70 (12,3%), sem er hlutfallslega minna en á haustönn 2013.
- Af 545 nemendum haustannar 2013 voru 78 (14,3%) nemendur grunnskóla, sem er nokkuð herra hlutfall en á haustönn 2013 því þá var þessi fjöldi 10,9% af heildarfjölda fjarnemenda.
- Af þessum 545 nemendum haustannar 2013 voru konur 312 (57,2%) og karlar 233 (42,8%) en á haustönn 2012 voru samsvarandi gildi 59,6% og 40,4%.
- Meðalaldur fjarnemenda á haustönn 2013 var 21,8 ár, en á haustönn 2012 var þessi tala 21,5 ár.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á haustönn 2013 voru nemendur fæddir 1994, en þeir nemendur voru væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla þetta haustið. Haustið 2012 voru nemendur á fjórða ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 1993) einnig fjölmennasti árgangurinn.
- Hver nemandi tók að 5,25 einingar á haustönn 2013, en sambærileg tala fyrir haustönn 2012 var 5,35.

Sjá nánar um nemendur á haustönn 2013 á heimasíðu skólans¹.

Nemendur haustannar 2013 voru skráðir í 2863 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 1956 einingar en það voru 68,3% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu

¹Sjá nánari upplýsingar um nemendur á haustönn 2013 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/nemendur/haust_2013. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar og nokkrir nemendur bættust í hópinn á þeim tíma.

einingar 55,9 ársnemendur. Af þessum tölum átti MTR 45 einingar, en skólarnir gerðu samkomulag á milli sín í upphafi árs 2012 þess efnis að VÍ kenndi nemendum en MTR borgaði fyrir og teldi þá til sinna ársnemenda. Á haustönn 2012 skiluðu 69,2% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 60,7 ársnemendur. Sjá töflu 2 í viðauka.

Vorönn 2014

Á vorönn 2014 voru 123 áfangar kenndir en fleiri áfangar voru í boði. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

Tveir *hulduáfangar* voru kenndir fyrir nemendur sem af ýmsum ástæðum þurftu nauðsynlega að taka þá áfanga. Áfangar á vorönn 2014 voru því alls 125.

Fjarkennarar á vorönn 2014 voru 53, allt gamalreyndir og dugandi fjarkennarar.

Á vorönn 2014 voru 694 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á vorönn 2014 var 53 nemendum fleiri en á vorönn 2013, þetta er 8,3% fjölgun á milli ára.
- Af 694 nemendum vorannar 2014 voru 184 (26,5%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 510 (73,5%) komu annars staðar frá. Þetta hlutfall Verzlunarskólanemenda í fjarnámi var hærra en á vorönninni á undan en þá var það 24,5%.
- Af 694 nemendum vorannar 2014 voru 72 (10,4%) nemendur grunnskóla, en á haustönn 2013 voru sambærilegar tölur 50 (7,8%).
- Af 694 nemendum vorannar 2014 voru konur 394 (56,8%) og karlar 300 (43,2%) en á vorönn 2013 var hlutfall kvenna 60,4% og karla 39,6%.
- Meðalaldur fjarnemenda á vorönn 2014 var 22,3 ár, en þessi tala var ívið hærri á vorönninni á undan (22,7 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á vorönn 2014 voru nemendur fæddir 1994, en þeir nemendur voru væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla þetta vorið. Næst fjölmennasti árgangurinn á vorönn 2014 voru nemendur fæddir 1995 en þeir voru þá væntanlega á þriðja ári þá önnina. Vorið 2013 voru nemendur á þriðja ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 1994) fjölmennasti árgangurinn, en nemendur ári eldri (fæddir 1993 og á fjórða ári) voru næst fjölmennastir.
- Að meðaltali tók hver nemandi 5,30 einingar á vorönn 2014, en sambærileg tala fyrir vorönn 2013 var 5,33.

Sjá nánar um nemendur á vorönn 2014 á heimasíðu skólans ².

Nemendur vorannar 2014 voru skráðir í 3677 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2492 einingar en það voru 67,8% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu

²Sjá nánari upplýsingar um nemendur á vorönn 2014 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/vor_2014. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar og nokkrir nemendur bættust í hópinn á þeim tíma.

einingar 71,2 ársnemendur. Af þessum tölum átti MTR 3 einingar. Á vorönn 2013 skiluðu 70,1% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 68,5 ársnemendur. Sjá töflu 2 í viðauka.

Sumarönn 2014

Á sumarönn 2014 voru 118 áfangar kenndir.

Einn *hulduáfangi* var kenndir fyrir nemanda sem þurfti nauðsynlega að taka þann áfanga vegna fyrirhugaðrar útskriftar. Áfangar á sumarönn 2014 voru því alls 119.

Fjarkennarar á sumarönn voru 49, allt þrautreyndir fjarkennarar.

Á sumarönn 2014 voru 604 nemendur skráðir í fjarnám, þegar þessi hópur er skoðaður nánar kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á sumarönn 2014 var 95 færri en á sumarönn 2013. Fækkunin á milli ára er því 13,5%
- Af 604 nemendum sumarannar 2014 voru 145 (24,0%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 459 (76,0%) komu annars staðar frá. Á sumarönn 2013 voru 155 (22,5%) nemenda líka í dagskóla VÍ, og hefur þetta hlutfall hækkað aðeins á milli ára.
- Af þessum 604 nemendum voru konur 343 (56,8%) og karlar 261 (43,2%). Samsvarandi tölur fyrir sumarönn 2013 voru 55,4% konur og 44,6% karlar.
- Meðalaldur fjarnemenda á sumarönn 2014 var 21,7 ár, en það var lítið eitt hærra meðalaldur en á sumarönn 2013 (21,0 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á sumarönn 2014 voru nemendur fæddir 1995, en þeir höfðu þá væntanlega lokið þriðja ári í framhaldsskóla. Árgangur 1995 var einnig fjölmennastur á sumarönn 2013, en þeir nemendur höfðu þá nýlokið við annað ár í framhaldsskóla. Næst fjölmennasti árgangurinn á sumarönn 2014 voru nemendur fæddir 1996 en það eru nemendur sem þá höfðu væntanlega nýlokið öðru ári í framhaldsskóla, næst fjölmennasti árgangurinn sumarið áður var árgangur 1994 sem væntanlega þáhafði lokið við þriðja ár í framhaldsskóla. Þriðji fjölmennasti árgangurinn á báðum önnum hafði væntanlega lokið fyrsta ári í framhaldsskóla og fjórði fjölmennasti árgangurinn væntanlega verið fjögur ár í framhaldsskóla.
- Að meðaltali tók hver nemandi 5,3 einingar á sumarönn 2014, en sambærileg tala fyrir sumarönn 2013 var 5,0 einingar.

Sjá nánar um nemendur á sumarönn 2014 á heimasíðu skólans³.


Nemendur á sumarönn 2014 voru skráðir í 3092 einingar, til lokaprófs skiluðu sér 2256 einingar en það gera 73,0% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 64,5 ársnemendur. Á sumarönn 2013 skiluðu 72,6% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 72,5 ársnemendur. Sjá töflu 2 í viðauka.

³Sjá nánari upplýsingar um nemendur á sumarönn 2014 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/nemendur/sumar_2014. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar og nokkrir nemendur bættust í hópinn á þeim tíma.

Fjöldi fjarnemenda eftir önnum

Þegar fjöldi nemenda í fjarnámi Verzlunarskólans er skoðaður eftir önnum, má almennt segja að fjöldinn vaxi frá önn til annar, fram til ársins 2010 en þá var niðurskurðarhnífurinn settur á loft.

Ef bornar eru saman allar sumarannir sést hvernig fjöldinn stígur frá sumarönn 2006 til sumarannar 2009, en fellur svo á sumarönn 2010, 2011 og 2012. Viðsnúningur verður hins vegar ef sumarönn 2013 er skoðuð, því þá verður fjölgun á fjölda fjarnemenda en á sumarönn 2014 fækkar fjarnemendum miðað við fyrri sumarönn. Þetta sama má segja um haustannir, fjöldi nemenda á önn vex frá og með haustönn 2006 til og með haustönn 2009 en fellur svo umtalsvert á haustönn 2010 enda var þá beitt mjög harkalegum niðurskurði. Fjöldi fjarnemenda á haustönn 2011 vex nokkuð frá því árið á undan og það sama má segja um fjöldann á haustönn 2012, en hann er hvergi nærri þeim fjölda sem var á haustönn 2009. Fjöldi fjarnemenda á haustönn 2013 er ívð minni en á haustönninni á undan. Fjöldi nemenda á vorönnum eykst frá vorönn 2007 og fram á vorönn 2010, en fellur á vorönn 2011 og enn meira á vorönn 2012. Á vorönn 2013 eykst fjöldinn lítilsháttar miðað við vorönnina á undan og enn fleiri eru á vorönn 2014. Þetta kemur fram á mynd 1. Upplýsingar um fjölda nemenda á önn má sjá í töflu 2 í viðauka.



Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda VÍ eftir önnum.


Fjöldi umsækjenda eftir önnum

Tölur um fjölda umsækjenda á önn eru til frá haustönn 2010. Þá sóttu 773 nemendur um að komast í fjarnám VÍ, en vegna niðurskurðar voru einungis 311 nemendur teknir inn en það er einungis 40% af heildarfjölda umsækjenda. Þetta hlutfall er um 90% á næstu önnum á eftir. Sjá töflu 1.

Önn	Umsækjendur	Nemendur	Nemendur/Umsækjendur	Umsækjendur sem ekki fá aðgang
H-10	773	311	0,40	462
V-11	818	721	0,88	98
S-11	808	728	0,90	80
H-11	577	522	0,90	55
V-12	714	627	0,88	87
S-12	643	572	0,89	71
H-12	619	574	0,93	45
V-13	689	641	0,93	48
S-13	773	698	0,90	75
H-13	586	545	0,93	41
V-14	737	694	0,94	43
S-14	685	604	0,88	81

Tafla 1. Fjöldi umsækjenda, nemenda og hlutfall milli nemenda og umsækjenda.


Athyglisvert er að eftir haustönn 2010 er fjöldi umsækjenda á haustannir um 600 nemendur, eftir vorönn 2011 er fjöldi umsækjenda á vorannir um 700 nemendur en eftir sumarönn 2011 er fjöldi umsækjenda á sumarannir á bilinu 600 til 800. Sjá mynd 2.



Mynd 2. Fjöldi umsækjenda eftir önnum.

Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum

Meðaleiningafjöldi sem hver fjarnemandi tekur á önn hefur verið á bilinu frá 5 til 6 einingar frá og með vorönn 2006 og til og með sumarönn 2014. Flestar einingar að meðaltali á önn tóku nemendur á haustönn 2009 (6,2 einingar), en færstar á sumarönn 2013 (5,0). Sjá mynd 3 og töflu 2 í viðauka.




Mynd 3. Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum.

Ef mynd 3 er skoðuð nánar, kemur í ljós að meðaleiningafjöldi nemenda á önn lækkaði á niðurskurðarárinu 2010, miðað við fyrri annir og hefur verið lægri síðan miðað við annir fyrir 2010.

Mæting fjarnemenda í próf eftir önnum

Mæting í próf eftir önnum var um 60% frá og með vorönn 2006 og til og með vorönn 2010. Undantekning er sumarönn 2006, en þar er mæting í próf nálægt 78%. Hafa skal í huga þegar mæting í próf er skoðuð að á fyrstu önnum fjarnámsins fengu nemendur endurgreidd kennslugjöld fyrir það eitt að mæta í próf. Frá haustönn 2010 hefur mætingin í próf hins vegar verið yfir 70%, undantekning er þó haustönn 2012 með rúmlega 69% mætingu. Mætingin í próf á vorönn 2012 var tæplega 75%. Því má segja að niðurskurðurinn með fækkun nemenda á önn og fækkun meðalfjölda eininga hvers nemanda á önn hafi leitt til þess að nemendur mæti betur í próf. Þetta kemur fram á mynd 4. Tölur eru fengnar úr töflu 2 í viðauka.




Mynd 4. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum.

Ef meðalmæting nemenda á öllum önnum er tekin saman, kemur í ljós að hún er einungis 67%. Markmiðið er að yfir 80% eininga skili sér til prófs á hverri önn.


Ársmemendur fjarnáms

Ársmemendur eru taldir út frá þeim einingum sem skila sér til prófs. Miðað er við að hver árnemandi taki 35 einingar á ári. Ársmemendur á önn voru á bilinu 60 til 70 á fyrstu önnum fjarnámsins. Árið 2008 fór árnemendafjöldinn á önn upp í 70 til 80, en hækkað ört á árinu 2009 og náði hámarki á sumarönn 2009 en þá fór árnemendafjöldinn á önn yfir 100 í fyrsta og eina skiptið (hingað til) í sögu fjarnáms Verzlunarskólans. Á sumarönn 2010 fór svo árnemendafjöldinn lækkandi og náði hann lágmarki á haustönn 2010. Árið 2011 var árnemendafjöldinn rúmlega 80 á vor- og sumarönnim en aðeins um 60 á haustönn. Á vorönn 2012 var árnemendafjöldinn aðeins 74,1 en um 60 á sumar- og haustönnum. Á vor- og sumarönnum 2013 var árnemendafjöldinn um 70 og hafði hann þá aukist frá árinu á undan. Á haustönn 2013 var fjöldi árnemenda aðeins um 56 og var það næst lægsti fjöldi frá því fyrstu tölur frá vorönn 2006. Tölur eru fengnar úr töflu 2 í viðauka.



Mynd 5. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir önnum.

Á þremur önnum árið 2006 gaf fjarnámið af sér 198,3 ársnemendur. Árið 2007 fækkaði ársnemendum niður í 191,9, en þá var hætt að endurgreiða kennslugjaldið til þeirra nemenda sem mættu í próf. Árið 2008 gaf fjarnámið af sér 235,9 ársnemendur og árið eftir 285,3. Á niðurskurðarárinu 2010 fór fjöldi ársnemenda niður í 223 og árið eftir var ársnemendafjöldinn svipaður eða 221. Árið 2012 var fjöldi ársnemenda tæplega 200 og svipaður árið 2013. Það sem af er árinu 2014 er fjöldi ársnemenda orðinn 135,6. Þetta kemur fram á mynd 6. Tölur eru fengnar úr töflu 2 í viðauka.



Mynd 6. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir árum.

Haustönn 2014 þyrfti að gefa af sér rúmlega 60 ársnemendur til að skila svipuðum fjölda og árið 2013 gerði. Miðað við að 90% umsækjenda fái aðgang, 70% mætingu í próf og að hver fjarnemandi taki um 5,0 einingar á önn, þýðir það um 700 umsækjendur. Vegna

fækkunar á ársnemendafjölda skólans árið 2014 mega ársnemendur fjarnámsins þó ekki vera fleiri en 170 þetta árið, það merkir að fjöldi umsækjenda má vera um 400 manns.

Fjarnámsgjöld

Í byrjun árs 2011 var ákveðið að hækka fjarnámsgjöldin umtalsvert og hafa kennslugjaldið 4500 krónur á einingu en halda skráningargjaldinu áfram í 6000 krónum. Þessi verðskrá hefur verið í gildi síðan.

Nemendur Verzlunarskólans borga ekki skráningargjald en allir aðrir nemendur gera það.


Fjarnámspróf

Fjarnámspróf eru aðallega tekin í húsnæði Verzlunarskóla Íslands, en líka vítt og breytt um heimskringluna. Á hverri önn eru ævinlega um 25-30% próf skráð annars staðar en í húsnæði Verzlunarskólans. Flest eru þau fjarnámspróf tekin í framhaldsskólum á landinu, en þar sem því verður ekki viðkomið þá eru þau haldin í grunnskólum í heimabyggð nemandans. Á einstaka stað sjá háskólasetur, þekkingarsetur eða fræðslunet um fjarnámsprófin. Erlendis taka nemendur próf í sendiráðum, hjá ræðismönnum, í skólum í heimabyggð nemandans eða einhverjum öðrum aðila sem fjarnámsstjóri metur traustan.

Ábyrgðarmenn fá skýrar leiðbeiningar um framkvæmd prófa, svo sem eins og hve langan tíma próf má taka og hvaða leyfileg hjálpargögn nemendur mega hafa við próftökuna. Einnig er lögð áhersla á að tryggja þurfi nemendum næði við próftökuna.

Einkunnir fyrir fjarnámspróf

Ef lokaekunnir fjarnemenda á önnunum þremur (haustönn 2014, vorönn 2014 og sumarönn 2014.) sem þessi skýrsla fjallar um eru skoðaðar, kemur í ljós að meðaltal þeirra er 5,82. Miðgildið er 6 og tíðasta gildið er 6. Einkunnadreifingin kemur fram á mynd 7.



Mynd 7. Einkunnadreifing fjarnemenda í % á h13, v14, s14.

Samkvæmt þessu, þá eru 73,4% lokaekunnna stærri eða jafnt og 5 og 26,6% með falleinkunn. Þar sem 69,7% mæting var í próf þessar þrjár annir, þá lýkur rúmlega helmingur (51,16%) af öllum áföngum þessara þriggja anna með stöðnum einingum, hinn helmingurinn mætir annað hvort ekki í próf eða fær einkunnir 1, 2, 3 eða 4.

Samskonar úttekt var gerð á einkunnum fjarnemenda árin 2006 og 2007 og þær upplýsingar birtar í fyrirlestri á ráðstefnu 3f í Háskólanum í Reykjavík þann 17. október 2008⁴. Ef lokaekunnir fyrir þessa áfanga eru skoðaðar kemur í ljós að rúm 10% þeirra fá einkunn 1. Þessi ár var nemendum endurgreitt fyrir að mæta í próf og margir nýttu sér það og skiluðu nánast auðu prófblaði og fengu einkunn 1. Á þessum sex önnum 2006 og 2007 eru 67,6% prófa með einkunnir hærrí eða jafnt og 5, en 32,4% prófa með falleinkunnir (einkunnir 1 til 4). Meðalmæting í próf var 62,4% á árunum 2006 og 2007 sem merkir að 42,2% prófa lauk með stöðnum framhaldsskólaeiningum. Sjá mynd 8.



Mynd 8. Einkunnadreifing fjarnemenda í % á sex önnum 2006 og 2007.

Þegar myndir 7 og 8 eru bornar saman kemur í ljós að tíðasta gildi á tímabilinu 2006 til 2007 er einkunn 5, en það er einkunn 6 á önnunum þremur 2013 og 2014. Fjöldi þeirra prófa sem lauk með einkunn 5 og hærrí á tímabilinu 2006 og 2007 er 67,6%, en sama tala er 73,4% á skólaárinu 2013 til 2014. Meðalmæting í próf var 62,4% á árunum 2006 og 2007 sem merkir að 42,2% prófa lauk með stöðnum framhaldsskólaeiningum. Sambærilegar tölur fyrir annirnar þrjár 2013 og 2014 eru 69,7% meðmæting í próf og 51,16 prófa lýkur með stöðnum framhaldsskólaeiningum. Þetta er rúmlega 21% aukning á stöðnum einingum sem fæst út úr þessum þremur önnum 2013 og 2014 miðað við sex annir áruna 2006 og 2007.


⁴ Sjá <http://radstefna.wikifoundry.com/page/GI%3a6rur+fr%3a1+fyrirlesurum>

Einkunnir einstakra nemenda hópa

Ef fjarnemendum á önnunum þremur (haustönn 2013 og vor- og sumarönn 2014) er skipt niður í hóp eftir skólastigum og einkunnir einstakra hópa skoðaðar, kemur margt áhugavert í ljós. Hóparnir sem hér um ræðir eru fjórir: Nemendur grunnskóla, nemendur Verslunarskóla Íslands, nemendur annarra framhaldsskóla en VÍ og nemendur sem merktu við að þeir væru ekki í skóla þegar þeir skráðu sig.

Nemendur sem ekki eru skráðir í skóla


Nemendur sem merktu við að þeir væru ekki skráðir í skóla eru 32,3% af heildarfjölda nemenda á þessum þremur önnum sem um ræðir. Meðaleinkunn þeirra er 5,75. Tíðasta einkunn er 8 og miðgildið er einkunn 6. Einkunnadreifing þessa nemendahóps í prósentum er sýnd á mynd 9.



Mynd 9. Einkunnadreifing fjarnemenda sem ekki eru skráðir í skóla (%) á h13, v14, s14.

Nemendur skráðir í aðra framhaldsskóla en Versló


Nemendur sem eru skráðir í aðra framhaldsskóla en Versló eru 36,7% af heildarfjölda nemenda á þessum þremur önnum sem um ræðir. Meðaleinkunn þeirra er 5,44. Tíðasta einkunn er 5 og miðgildið er einkunn 6. Einkunnadreifing þessa nemendahóps í prósentum er sýnd á mynd 10.



Mynd 10. Einkunnadreifing fjarnemenda annarra framhaldsskóla en VÍ (%) á h13, v14, s14.

Nemendur Verzlunarskóla Íslands


Nemendur Verzlunarskóla Íslands eru 24,6% af heildarfjölda nemenda á þessum þremur önnum sem um ræðir. Meðaleinkunn þeirra er 6,08. Tíðasta einkunn er 6 og miðgildið er einkunn 6. Einkunnadreifing þessa nemendahóps í prósentum er sýnd á mynd 11.



Mynd 1. Einkunnadreifing fjarnemenda VÍ (%) á h13, v14, s14.

Nemendur grunnskóla

Nemendur sem eru skráðir í grunnskóla eru 6,5% af heildarfjölda nemenda á þessum þremur önnum sem um ræðir. Meðaleinkunn þeirra er 7,23. Tíðasta einkunn er 8 og miðgildið er einkunn 8. Einkunnadreifing þessa nemendahóps í prósentum er sýnd á mynd 12.



Mynd 12. Einkunnadreifing grunnskólanemenda í fjarnámi (%) á h13, v14, s14.

Samantekt einkunna

Ef einkunnir þessara mismunandi hópa eru bornar saman kemur í ljós að meðaleinkunn grunnskólanemenda er hæst (7,23), en meðaleinkunn annarra framhaldsskóla en VÍ er lægst. Sjá nánar í töflu 2.

	% fjöldi	Meðaleinkunn	Tíðasta gildi	Miðgildi
Nemendur ekki skráðir í skóla	32,3	5,75	8	6
Nemendur annarra framhaldsskóla en VÍ	36,7	5,44	5	6
Nemendur Verzlunarskóla Íslands	24,6	6,08	6	6
Grunnskólanemendur	6,5	7,23	8	8
Allir nemendur á H13, V14 og S14	100	5,82	6	6

Tafla 2. Samanburður á einkunum fjögurra hópa í fjarnámi á h13, v14 og s14.

Lokaorð

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur nú verið rekið með óbreyttu sniði í 9 ár. Á þessum tíma hafa kennarar skólans byggt upp metnaðarfulla áfanga í kennsluferfinu og staðið fyrir kröftugri fjarkennslu. Kerfisstjóri og kerfisfræðingur hafa séð til þess að tæki og tól virki eins og best verður á kosið, því ekki má gleyma að á bak við öflugan fjarnámsskóla er mikil tækniþekking.

Þegar horft er yfir farinn veg kemur í ljós að fjarnámsskerfið allt er skilvirkara en áður, samanburður á einkunnum frá árunum 2006 og 2007 annars vegar og skólaársins 2013 til 2014 leiðir það í ljós. Á fyrra tímabilinu lauk um þriðjungu skráðra prófa með stöðnum framhaldsskólaeiningum en á því síðari var þessi fjöldi rúmlega helmingur. Einnig hefur meðaleinkunn prófa hækkað þegar þessi tvö tímabil eru skoðuð. Skýringin á þessu er án

efa súa að allt kerfið okkar vinnur betur nú en fyrr: Fjarkennarar eru orðnir öruggari í sínu starfi, kennslukerfið er orðið þjálla, tölvurnar eru orðnar betri og tölvukunnáttu nemenda hefur fleygt fram.

Á sama tíma og fjarnámskerfið í heild sinni er orðið skilvirkara, þá höfum við þurft að takast á við niðurskurð á liðnum árum og engin breyting virðist vera á því í nánustu framtíð. Niðurskurðurinn með fækkun nemenda á önn og fækkun meðalfjölda eininga hvers nemanda á önn hefur þó leitt til þess að nemendur mæta betur í próf nú en fyrr.

Með árunum hafa kennarar Verzlunarskólans aukið notkun sína á fjarkennslukerfinu í dagskólakennslunni og nýtt sér aðferðir fjarkennslunnar í staðbundinni kennslu. Skilin á milli þessara tveggja kennsluaðferða hafa því stöðugt verið að minnka og verður fróðlegt að fylgjast með þeirri þróun á næstu árum.

Reykjavík 5.september 2014
Sigurlaug Kristmannsdóttir
fjarnámsstjóri VÍ

Viðauki

Önn	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársmendur í próf	% Mæting í próf
V06	744	5,23	3889	2471	70,6	63,5
S06	509	5,65	2877	2243	64,1	78,0
H06	665	5,47	3640	2227	63,6	61,2
Alls fjarnám 06	1918	5,43	10406	6941	198,3	66,7
V07	690	5,36	3699	2140	61,1	57,9
S07	659	5,42	3572	2186	62,5	61,2
H07	754	6,05	4558	2390	68,3	52,4
Alls fjarnám 07	2103	5,62	11829	6690	191,9	56,56
V08	811	5,98	4846	2739	78,3	56,5
S08	714	5,65	4037	2720	77,7	67,4
H08	815	5,70	4648	2796	79,9	60,2
Alls fjarnám 08	2340	5,78	13531	8255	235,9	61,01
V09	895	5,96	5331	3119	89,1	58,5
S09	979	5,87	5744	3516	100,5	61,2
H09	900	6,19	5567	3350	95,7	60,2
Alls fjarnám 09	2774	6,00	16642	9985	285,3	60,00
V10	923	6,02	5553	3422	97,8	61,6
S10	889	5,04	4479	3069	87,7	68,5
H10	308	5,75	1771	1313	37,5	74,1
Alls fjarnám 10	2120	5,57	11803	7804	223,0	66,12
V11	721	5,44	3923	2815	80,4	71,8
S11	728	5,24	3816	2807	80,2	73,6
H11	522	5,70	2976	2129	60,8	71,5
Alls fjarnám 11	1971	5,44	10715	7751	221,5	72,34
V12	627	5,52	3464	2592	74,1	74,8
S12	572	5,24	2997	2184	62,4	72,9
H12	574	5,35	3071	2126	60,7	69,2
Alls fjarnám 12	1773	5,38	9532	6902	197,2	72,41
V13	641	5,33	3417	2396	68,5	70,1
S13	698	5,00	3493	2536	72,5	72,6
H13	545	5,25	2863	1956	55,9	68,3
Alls fjarnám 13	1884	5,20	9773	6888	196,8	70,35
V14	694	5,30	3677	2492	71,2	67,8
S14	604	5,12	3092	2256	64,54	73,0
H14						
Alls fjarnám 14	1298	5,21	6769	4745	135,6	70,10

Tafla 2. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2014

Tölur um fjölda nemenda í fjarnámi á heimasíðu skólans og í þessari töflu, kunna að vera misjafnar. Skýringin er sú að efnið á heimasíðuna er unnið um miðja önn, en þessi tafla er unnin í lok annar og þá gætu einhverjir nemendur hafa bæst við. Tölur í töflunni teljast í öllum tilfellum vera réttari.